



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartúni 12-12
105 Reykjavík

Reykjavík 24. júní 2025
2025060333

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur í máli nr. 378/2025 í skipulagsgátt, Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 – Laugardalur, breytt landnotkun - Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg - USK25030005

Vísað er til máls nr. 378/2025 í skipulagsgátt - Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 – Laugardalur, breytt landnotkun - Skilgreining samfélagsþjónustu við Reykjaveg - USK25030005. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER gerir ekki athugasemd við breytta landnotkun á þessum stað. HER vill þó árétta að nauðsynlegt er að haga skipulagi á svæðinu þannig að sem minnst ónæði verði vegna umferðarhávaða, m.a. með því að koma fyrir hljóðvörnum. Eins þarf að tryggja að hugað sé að öryggismálum við tengingu fyrirhugaðs skólasvæðis á skipulagsreit við skólasvæði Lauganesskóla hinu megin við Reykjaveg.

HER áskilur sér rétt til að koma með frekari athugasemdir á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri